

Moldun

Farðu í friði vinur minn kær.
Faðirinn mun þig geyma
um aldur og ævi þú verður mér nær,
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni,
svo vöknum við með sól að morgni.

Bubbi Morthens

Blessun

Eftirspil Gullvagninn

Jónas Friðrik Guðnason - Erlent lag

Prestur:

Séra Sveinbjörg Katrín Pálsdóttir

Ritningarlestur og ávarp:

Kristinn Ásgrímsson, forstöðumaður Hvítasunnukirkjunnar í Keflavík

Organisti:

Gunnar Gunnarsson

Einsöngvari:

Gissur Páll Gissurarson

Kór:

Voces Masculorum

Umsjón útfarar:

Útfararstofa Svafars og Hermanns

*Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum
að þiggja veitingar í Borgum, safnaðarheimili kirkjunnar að athöfn lokinni.*



Jóhannes Hólm Reynisson

Fæddur 6. október 1950

Dáinn 29. desember 2022



Útför frá Kópavogskirkju
miðvikudaginn 11. janúar 2023

Forspil
1.12 87
Rúnar Þór

Signing og bæn

Ég leit eina lilju í holti,
hún lifði hjá steinum á mel
svo blíð og svo björt og svo auðmjúk,
en blettinn sinn prýddi hún vel.
Ég veit það er úti um engin
mörg önnur sem glitrar og skín.
Ég þræti' ekki um litinn né ljómann,
en liljan í holtinu' er mín.

∴Þessi lilja' er mín lifandi trú∴;
Hún er ljós mitt og von mín og yndi,
þessi lilja' er mín lifandi trú.

Og þó að í vindinum visni
á völlum og engjum hvert blóm,
og haustvindar blási um heiðar,
með hörðum og deydandi róm,
og veturinn komi með kulda
og klaka og hríðar og snjó,
hún lifir í hug mér sú lilja,
og líf hennar veitir mér fró.

∴Þessi lilja' er mín lifandi trú∴;
Hún er ljós mitt og von mín og yndi,
þessi lilja' er mín lifandi trú.

Þorsteinn Gíslason - Höf. óþekktur

Ritningarlestur og ávarp

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

23. Davíðssálmur - Margrét Scheving

Guðspjall

Skýið

Vilhjálmur Vilhjálmsson - Björgvin Halldórsson

Minningarorð

Þér leiðist hér ég veit það kæri vinur
Þú vilt á brott að kanna nýjan stig
en þig skortir kjark þú hikar og hugsar dag og nótt
og hræðist að þú munir særa mig.

Góða ferð, góða ferð, góða ferð
góða ferð já það er allt og síðan bros
því ég geymi alltaf vinur það allt er gafstu mér
góða ferð, vertu sæll já góða ferð.

Við áttum saman yndislega stund
við áttum sól og blóm og hvítan sand
og skjól á köldum vetri er vindur napurt söng
og von um gullin ský og fagurt lag.

Góða ferð, góða ferð, góða ferð
góða ferð já það er allt og síðan bros
því ég geymi alltaf vinur það allt er gafstu mér
góða ferð, vertu sæll já góða ferð.

Þó farir þú í fjarlægð kæri vinur
og fætur þínir stígi ókunn skref
Hve draumar ræst hafa' aftur þú áður sagðir mér
þín ást var mín og brosin geymt ég hef.

Góða ferð, góða ferð, góða ferð
góða ferð já það er allt og síðan bros
því ég geymi alltaf vinur það allt er gafstu mér
góða ferð, vertu sæll já góða ferð.

Góða ferð, góða ferð, góða ferð
góða ferð já það er allt og síðan bros
því ég geymi alltaf vinur það allt er gafstu mér
góða ferð, vertu sæll já góða ferð.

Jónas Friðrik - Jose Feliciano

Bæn og Faðir vor

Þar sem englarnir syngja sefur þú,
sefur í djúpinu væra.
Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið bjarta skæra
veki þig með sól að morgni,
veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn faðir, lífsins ljós,
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós,
tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hann með sól að morgni,
þú vekur hann með sól að morgni.